



Hreppsnefnd 24.05.2006

Hreppsnefnd 24.05.06

**Hreppsnefndarfundur miðvikudaginn 24. maí 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Emil Sigurjónsson. Borghildur Sverrisdóttir, Bragi Vagnsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 16. maí sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 16. maí sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hlutasjóða fyrir árið 2005.
-Síðari umræða-

Teknir fyrir að nýju ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta sjóða, ásamt endurskoðunarskýrslu endurskoðenda, KPMG. Gögn þessi voru öll lögð fram í hreppsnefnd við fyrri umræðu ársreikninga þann 16. maí sl., en þá mættu einnig löggiltir endurskoðendur og gerðu grein fyrir fyrirbyggjandi ársreikningum og skýrslu sinni.

Lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum A- og B- hluta sjóða sveitarfélagsins fyrir árið 2005, vegna afgreiðslu reikninganna við síðari umræðu. Er hún svofelld:

“Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2005 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar 24. maí 2006

Heildartekjur A-hluta sveitarsjóðs voru 299.362 þús. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 168.906, framlög jöfnunarsjóðs 74.314 þús. kr. og aðrar tekjur 56.139 þús. kr. Heildargjöld voru á hinn vænginn 292.580 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnstekna, þar af voru laun 172.308 þús. kr.

Í heild skilaði A- hluti sveitarsjóðs um 6,8 m.kr. í hagnað árið 2005.

Heildartekjur samstæðunnar allrar þ.e. A-og B-hlutasjóða voru 403.628 þús. kr., en heildarútgjöld, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnskostnaðar voru 438.703 þús. kr.

Samstæðan öll þ. e. A -hluti að viðbættum B-hluta sjóðum var smakvæmt því rekin með líðlega 35 m. kr. tapi.

Þá hefur verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 29,4 m.kr., sem er í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins.

Meginhluti tapsins er vegna B-hluta sjóða. Þar má einkum nefna til sjóði eins og:

1) Félags- og leiguíbúðir með 16,3 m.kr.

- 2) Skiphólma með 8 m.kr. og
- 3) Arnarvatn með 9,1 m. kr.

Flestir þekkja það að halli hefur verið á liðnum árum vegna leiguíbúða sveitarfélagsins. Aðallega sökum þess að þær hafa verið þurftarfrekar í viðhaldi og leigufjárhæðir eru lágar.

Í Skiphólma hefur að sjálfsögðu verið verulegur fjármagnskostnaður, vegna lána sem tekin voru til kaupa á hlutabréfum í Tanga h/f, en til þess var fyrirtækið stofnað á sínum tíma.

Þá er það að þekkt að Arnarvatn ehf. er fyrirtæki sem stofnað var í upphafi til þess að endurbyggja Hótel Tanga og reka það. Í rekstri þess hefur reynst erfitt að ná endum saman.

Ýmsar aðgerðir eru mögulegar til þess að minnka halla, vegna þessara rekstrareininga m. a. með:

- a) Sölu leiguíbúða, sem þegar er unnið að
- b) Uppgreiðslu lána í Skiphólma
- c) Koma rekstri Hótel Tanga yfir á einkaaðila, sem reyndar gerðist 1. júní 2005 og jafnvel selja það til einkaaðila.

Við gerð ársreikninga fyrir árið 2005 er tekið á ýmsum þáttum með öðru sniði en verið hefur fram að þessu. Meðal annars eru nú í fyrsta skipti færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir, sem ekki hafa verið færðar með þessum hætti áður.

Alls voru gerðar sérstakar gjaldfærslur á árinu vegna þessa að fjárhæð 16, 4 m.kr. Afkoma ársins lækkaði því sem þessu nemur. Þá er rétt að geta þess að færðar eru upp í efnahagsreikningi, skuldbindingar, vegna þessara þátta alls að fjárhæð 36,8 m.kr.

Á árinu var ráðist í margvíslegar framkvæmdir. Stærstu framkvæmdirnar voru hafnarframkvæmdir og framkvæmdir við endurbyggingu hótelsins. Þá var ráðist í margvíslegar aðrar framkvæmdir svo sem í Kaupvangi, nýbyggingu gangstétta og kanta, sparkvöllur, lagfæringar og meiriháttar viðhald á eignum sveitarfélagsins, kaup á nýju áhaldahúsi framkvæmdir í vatnsveitu og kaup á hellum í miðbæjarframkvæmdir svo e-ð sé nefnt. Framkvæmdirnar voru fjármagnaðar annars vegar með sölu eigna og hins vegar með lántökum.

Þrátt fyrir þessi miklu umsvif í rekstri og framkvæmdum kemur fram að heildarskuldir í A- hluta hafa lækkað um 56 m.kr. á árinu og í A-og B – hluta hafa heildarskuldir lækkað um 46 m.kr.

Þá voru skuldbindingar utan efnahags greiddar niður um 277,2 m.kr., en þar var um að ræða framvirkan samning við Sparisjóðabanka Íslands. Samningur þessi var að fullu greiddur upp í janúar 2005.

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins lækkuðu því um 323 m. kr. í samstæðunni milli árana 2004 og 2005.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar séð hefur verið fyrir öllum kostnaði við rekstur sveitarfélagsins, fjárfestingum og afborgunum lána lækkar handbært fé samstæðunnar úr 30.709 þús. kr. í ársbyrjun í 23.570 þús. kr. í árslok 2005.

Í árslok 2005 átti Vopnafjarðarhreppur hlutabréf í HB Granda að nafnvirði 50.1 m.kr., sem er að markaðsvirði um áramótin síðustu 466 m.kr., en gengi þá var 9,3. Gengi bréfanna var 12,2 þann 10. maí sl. og er markaðsvirði bréfanna um 611 m.kr. miðað við það gengi".

Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og lagði síðan til að fyrirbyggjandi ársreikningar Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2005 yrðu samþykktir af hreppsnefnd við síðari umræðu.

Allmiklar umræður urðu síðan um fyrirbyggjandi ársreikninga þar sem menn lýstu sjónarmiðum sínum. Sveitarstjóri svaraði framkomnum fyrirspurnum fundarmanna.

Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2005 voru síðan samþykktir með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Að lokinni umræðu, þar sem nefndarmenn lýstu ánægju sinni með vinnubrögð KPMG endurskoðunar, þakkaði oddviti nefndarmönnum, sveitarstjóra og riturum, samstarfið á kjörtímabilinu, sérstaklega var hreppsnefndarmönnum sem hverfa af vettvangi hreppsnefndar þakkað framlag þeirra til sveitarstjórnarmála á kjörtímabilinu. Oddviti minnihlutans þakkaði sömuleiðis fyrir samstarfið það gerðu og aðrir hreppsnefndarmenn.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs að lokum og þakkaði öllum hlutaðeigandi samstarfið og sagði standa upp úr samstaðan í stærstu málum kjörtímabilsins. Síðasta fundi hreppsnefndar þetta kjörtímabil var lokið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.45